



1. INNGANGUR

Markmið

Að nemandi átti sig á:

- þeim umskiptum sem urðu á íslensku samfélagi á 20. öld
- þeim miklu breytingum sem nútímavæðingin hafði í för með sér
- helstu þáttum nútímavæðingarinnar
- hvað átt er við með iðnvæðingu og markaðssamfélagi
- helstu einkennum nútímavæðingar á Íslandi
- hvenær nútímasamfélagið gengur í garð á Íslandi.

Kennsla

Útskýra þarf fyrir nemendum þau miklu umskipti sem urðu í íslensku samfélagi á 20. öld. Sjálfsgagt er að leiða þeim fyrir sjónir að breytingarnar urðu meiri en í samanlagðri sögu landsins fram að því. Ekki er úr vegi að velta upp þeirri spurningu hvað átt sé við með nútímasamfélagi og hvenær það hafi skotið rótum hérlendis.

Gera þarf nemendum grein fyrir helstu þáttum nútímavæðingar og benda þeim á um hversu róttækar breytingar var að ræða í sögu mannkyns. Um leið má nefna að önnur slík umblytting varð þegar maðurinn hóf að stunda landbúnað. Einnig má ræða um þá byltingu sem varð í árdaga þegar maðurinn náði að beisla eldinn.

Meðal mikilvægustu þátta nútímavæðingar eru iðnvæðingin og tilkoma markaðssamfélagsins. Sjálfsgagt er að segja ítarlega frá þeim þáttum og gera grein fyrir tilkomu þeirra erlendis sem hérlendis.

Umræður

- Hvað vita nemendur um þær miklu breytingar sem urðu á íslensku samfélagi á 20. öldinni?
- Hvað þarf til svo hægt sé að tala um samfélagslega byltingu?
- Vita nemendur eitthvað um einstaka þætti nútímavæðingarinnar? Hvað dettur þeim í hug þegar þeir heyra hugtakið?
- Hvað dettur nemendum í hug þegar þeir heyra hugtökin iðnvæðing og markaðssamfélag?
- Hver eru helstu einkenni nútímasamfélags í hugum nemenda?
- Hvað hefur breyst til batnaðar með nútímasamfélaginu og að hvaða leyti hefur okkur farið aftur? Ætli fólk sé yfirleitt hamingjusamara í dag en áður var?



VERKEFNI

Ritun

- Ímyndaðu þér að þú sért blaðamaður sem hefur upplifað þær miklu breytingar sem urðu með nútímavæðingunni. Skrifaðu frétt sem segir frá þessum merku tímamótum eins og þú sérð þau fyrir þér. Nóg er að segja frá þáttum sem tengjasta iðnvæðingunni og markaðssamfélaginu.
- Ímyndaðu þér að þú fáiir heimsókn frá manni sem ferðast hefur með tímavél. Gesturinn sé frá fyrri öldum og vilji gjarnan vita hvernig heimurinn hafi þróast. Skrifaðu frásögn af samskiptum ykkar þar sem fram koma helstu breytingar sem urðu með tilkomu nútímasamfélagsins.

Myndmennt

- Teiknaðu myndir sem skýra út þær breytingar sem urðu með nútímavæðingunni. Þú getur teiknað myndasýrpu þar sem helstu einkenni hennar koma fram.
- Teiknaðu mynd sem varpar ljósi á þær breytingar sem urðu á Íslandi með tilkomu nútímasamfélags. Þú ræður hvort þú teiknar eina stóra mynd eða myndasýrpu.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.

Tímaás

- Myndræn útfærsla á tímaás sett upp í kennslustofu og atburðir sögunnar smátt og smátt merktir inn á hann um leið og kaflar eru lesnir. Eða að hver nemandi gerir sinn eigin tímaás og merkir inn á hann jafn óðum við lestur bókarinnar. Hugmynd að tímaás er að finna undir verkefnum.